

Tálknafjarðarhreppur  
b/t Óskar Örn Gunnarsson  
Miðtúni 1  
460 Tálknafirði

Reykjavík, 27. mars 2020  
UST202003-494/A.B.  
10.04.00

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006 - 2028 og deiliskipulag fiskeldis í landi Norður Botns.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006 - 2028 og breytingar á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð í landi Norður-Botns.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð skipulagbreyting mun fela í sér að hámarksframleiðsla í Norður-Botni eykst úr 400 t í 2400 t á ári og stækkan byggingarreits um 4,5 ha til suðurs. Byggingarmagn eykst töluvert en stækkan stöðvarinnar gerir ráð fyrir tú húsum þar sem gert er ráð fyrir samtals 60.000 m<sup>3</sup> kerjarymi innanhúss og heildar byggingarmagn er samtals 45.000 m<sup>2</sup>.

**Náttúrufar og náttúruminjar - Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið stækkar til sjávar og er gerð grein fyrir mörkunum á mynd 2.1, í greinargerð. Auk þess kemur fram að leirur er að finna í botni fjarðarins og hafa þær ekki orðið fyrir raski.

Umhverfisstofnun bendir á að einnig er að finna sjávarfitjar á skipulagssvæðinu skv. korti Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fjallar um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra (<https://serstokvernd.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið, leirurnar og sjávarfitjarnar, fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Náttúrufar og náttúruminjar - Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýrvist og gulstararflóavist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.


Í starungsmýrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni, hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnýtingu á svæðum sem njóta verndar samkvæmt samþykkjum alþjóðlegum samningum og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

**Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að fráveita og meðhöndlun úrgangs verður í samræmi ASC Salmon staðalinn sem mikilvægt er að gera grein fyrir hvað felur í sér. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og mikilvægt sé að mati Umhverfisstofnunar gerð sé grein fyrir meðhöndlun úrgangs sem síður er frá í tillöggunni.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur